

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1989

---

---

Nr. 274

500

2. júní 1989

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 196 19. apríl 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.**

1. gr.

2. tl. 1. gr. orðist svo: Að vestan af 19°30'V og að austan af 18°40'V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

Nr. 275

10. maí 1989

## REGLUR

**um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 553/1975 sbr. nr. 124/1988.**

**Hluti H.**

Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. 1101, bætist nýr stafslíður g, sem orðist svo:  
g) fyrir skip er stunda nótaveiðar, skip með veiðarfæri, 30% eftir af olíu, vatni, birgðum og vistum, og með ísingu, skv. 12. grein, en án farms.

2. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein 1821, sem orðist svo:  
1821. Í skipum sem frysta afla um borð skulu lestarhólf ekki vera breiðari en 4,0 m, lengd milli þverskilrúma ekki meira en 9,0 m, og uppstilling skal ná upp í loft.

Við útreikning á lestarborðum og stöðum telst eðlisþyngd farms  $\gamma$  vera jafnt og 0,5 t/m<sup>3</sup>. Sé eðlisþyngd meiri skal taka tillit til þess.

Lestarborð úr furu eða greni skulu vera án bresta, órifin og kvistalítill.

Við ákvörðun á útsveigju er  $E = 10^4 \text{ N/mm}^2$  og öryggisstuðull  $N = 2$ . Þá skal gert ráð fyrir einföldum undirstuðningi á bjálka, og að bjálkinn sé með jafndeildum þunga.

Fyrir langskipsskilrúm skal reikna álagið við  $90^\circ$  halla skipsins og fyrir þverskilrúm við  $25^\circ$  stafnhalla. Lestarstöðir skulu reiknaðar fyrir það álag sem þær geta orðið fyrir þ. e. hliðarálag og langskipsalag. Dýptir spora skulu eigi vera minni en 80 mm og breidd spora mest 10 mm breiðari en plankabykktn. Álag á eitt langshipsborð ákvarðast samkvæmt eftirfarandi líkingu:

$$Q = 9,81 \times 10^3 \times B \times l \times b \times \gamma \quad (\text{N})$$

$$M = \frac{Q \times l}{8} \quad (\text{Nm})$$

$$f = \frac{5}{48} \times 10^2 \times M \times \frac{l^2}{E \times J} \quad (\text{m})$$

$$\sigma = \frac{M}{W} \quad (\text{N/mm}^2)$$

#### Skilgreiningar:

L = Lengd hólfis (m)

B = Breidd hólfis (m)

$\gamma$  = Eðlisþyngd farms í lestarúmi 0,5 T/m<sup>3</sup>

Q = Álag á lestarborð (N)

M = Vægi á lestarborð (Nm)

#### Lestarborð:

l = Lengd borðs (m)

b = Breidd borðs (m)

E = Fjaðurstuðull lestarborðs áætlað  $10^4 \text{ (N/mm}^2)$

J = Tregðuvægi (cm<sup>4</sup>)

W = Mótstöðuvægi (cm<sup>3</sup>)

$\sigma$  = Leyfileg hámarksspenna (22 N/mm<sup>2</sup>)

$f_m$  = 1/90, leyfileg hámarksbeygja (m)

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51/1987, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 414/1988 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 10. maí 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*